

## Aðfangastefna Bókasafns Kópavogs 2023

Nauðsynlegt er fyrir öll bókasöfn að setja fram stefnu um aðföng, þ.e. innkaup, viðhald og grisjun safnkosts. Stefnuna skal endurskoða árlega með tilliti til breytinga á fjármagni til innkaupa og þjónustu og gestum hverju sinni.

### Aðfangastefna

- Upplýsir um eðli og umfang safnkosts.
- Upplýsir um forgangsröðun við uppbyggingu safnkosts.
- Er stuðningur og viðmið við innkaup á safnkosti.
- Kemur af stað skuldbindingu um að ná markmiði safnkosts.
- Minnkar áhrif þess að einn standi fyrir öllu vali og persónulegri hlutdrægni.
- Stuðlar að samræmi í vali til lengri tíma litið.
- Er stuðningur við mat á og grisjun safnkosts.
- Hjálpar til við rökstuðning á fjárhagsáætlunum.

Við stefnumótun um aðföng þarf fyrst og fremst að taka mið af hlutverki Bókasafns Kópavogs og þörfum og óskum lánþega safnsins.

### INNKAUP

Stefna safnsins í innkaupum á almennt við barnaefni, unglinga- og ungmennaefni og fullorðinsefni nema annað sé tekið fram.

### Aðalsafn

#### Bækur á íslensku

- A.m.k. eitt eintak af öllum skáldsögum og fræðiritum sem gefnar eru út af viðurkenndum bókaforlögum.
- A.m.k. eitt eintak af ævisögum og ævipáttum.

Nýjar bækur: Allt að 20 eintök af skáldsögum á íslensku (fer eftir vinsældum og eftirspurn).

#### Bækur á erlendum tungumálum


- Eitt eintak af vinsælum skáldsögum á ensku, valdar af aðfangateymi safnsins.
- Teiknimyndasögur á ensku frá Nexus, valdar af sérfræðingum Nexus og starfsfólki safnsins.
- Sérpöntun á skáldsögum á ensku, völdum af aðfangateymi safnsins.
- Erlendar fræðibækur eru keyptar eftir þörfum og ræður eftirspurn eftir þeim mestu um.
- Skáldsögur á ensku sem kenndar eru í framhaldsskólum.
- Erlendar kennslubækur af bókalistum framhalds- og háskóla eru ekki keyptar inn nema þær hafi ótvírætt notagildi fyrir almennig.

#### Barna- og ungmennadeild

- Að lágmarki 2 eintök eru keypt inn af hverri barnabók, mest 8 eintök af þeim vinsælustu.

#### Hljóðbækur

- Eitt eintak af öllum skáldsögum og ævisögum á íslensku.
- Eitt eintak af fræðiritum á íslensku.



## Mynddiskar

- Eitt eintak af kvikmyndum sem gefnar eru út á Íslandi.
- Eitt eintak af sjónvarpsþáttum sem gefnir eru út á Íslandi.
- Tvö eintök af öllum barnamyndum með íslensku tali.
- Eitt eintak af íslenskum fræðslumyndum.
- Erlent kvikmyndaefni og þáttaseríur, valið af gagnavalsteymi safnsins.

## Tímarit og dagblöð

- Eitt eintak af flestum íslenskum tímaritum. Fleiri eintök eru keypt af t.d. þrjónablöðum og öðru vinsælu efni.
- Tvö eintök af íslenskum dagblöðum.
- Eitt eintak af sérvöldum afþreyingar- og fagtímaritum á ensku og skandinavísku, t.d. handavinnu-, tónlistar-, ljósmynda-, ípróttu-, tölvu-, tækni-, unglínga- og lífstíllímarit. Valin af aðfangateymi safnsins.
- Eitt eintak af öllum íslenskum barna- og unglíngatímaritum.
- Tvö eintök af Andrésí Önd og Myndasögusyrpunni.

## Borðspil

- Eitt til tvö eintök af vinsælum borðspilum sem henta börnum og fjölskyldum, völdum af starfsfólki safnsins.

## Lindasafn

### Bækur á íslensku

- A.m.k. eitt eintak af öllum skáldsögum sem gefnar eru út af viðurkenndum forlögum.
- Valin fræðirit eru keypt inn og ræður eftirspurn þar mestu um.
- Eitt til tvö eintök af ævisögum og æviþáttum.

Nýjar bækur: Allt að fjögur eintök af skáldsögum á íslensku eftir þekktu vinsæla höfunda og eitt til tvö eintök eftir nýja höfunda (eftir vinsældum og eftirspurn). Með undantekningum getur eintakafjöldinn orðið allt að sex.

### Bækur á erlendum tungumálum


- Eitt eintak af vinsælum skáldsögum á ensku. Hér ráða vinsældir og eftirspurn lánþega miklu þegar kemur að innkaupum.

### Hljóðbækur\*

- Eitt eintak af vinsælum skáldsögum og ævisögum sem gefnar eru út á íslensku.
- Eitt eintak af sérvöldum fræðiritum á íslensku, valin af aðfangateymi safnsins.  
\* Hljóðbókaútgáfa á formi geisladiska hefur nánast alveg lagst af í kjölfar tilkomu streymisveita og appa. Jafnframt hefur eftirspurn eftir hljóðdiskum nánast horfið. Tekið verður mið af þessari þróun þegar kemur að hljóðbókakosti safnsins og hann endurskoðaður með tilliti til grísjunar.

## Mynddiskar

- Eitt eintak af öllu efni sem gefið er út á Íslandi.
- Íslenskir sjónvarpsþættir, valdir af aðfangateymi safnsins.
- Eitt eintak af úrvali barnamynda með íslensku tali.
- Erlent kvikmyndaefni og þáttaseríur, valið af aðfangateymi safnsins.



## Tímarit og dagblöð

- Eitt eintak af flestum íslenskum afþreyingar- og lífsstílstímaritum, valin af aðfangateymi safnsins.
- Eitt eintak af íslenskum dagblöðum.
- Eitt eintak af sérvöldum fagtímaritum á íslensku, valin af aðfangateymi safnsins.
- Eitt eintak af sérvöldum afþreyingar- og fagtímaritum á ensku og skandinavísku, t.d. handavinnu-, tónlistar-, ljósmynda-, íþróttar-, tölvu-, tækni-, unglínga- og lífsstílstímarit. Valin af aðfangateymi safnsins.
- Eitt eintak af Andrés önd og Myndasögusyrpunni.

## Borðspil

Vinsæl borðspil með áherslu á spil sem henta börnum og fjölskyldum, valin af starfsfólki safnsins.

## Rafbókasafnið

Aðfangateymi safnsins kemur ábendingum um val á raf- og hljóðbókum til fulltrúa Bókasafns Kópavogs sem kemur tillögum áfram til innkaupanefndar Rafbókasafnsins.

## GRISJUN

Safnkostur er grisjaður reglulega og ef gagnið hefur ekki lánast í ákveðinn tíma (viðmið 5 ár) er það afskráð. Meginreglan er að grisja gögn eftir fjölda útlána þeirra. Gögn sem eru grisjuð eru afskráð og ýmist seld, gefin eða hent úr safnkosti safnsins eftir ástandi þeirra. Deildarstjórar í aðfangateymi bókasafnsins bera ábyrgð á grisjun og afskráningu á bókakosti safnsins og hafa um það samráð.

Einhver hluti safngagna er settur í geymslu. Tvær geymslur eru fyrir safngögn aðalsafns en engin geymsla á Lindasafni. Gögn sem sett eru í geymslu eru þau sem engin eða mjög lítil eftirspurn er eftir, þau ófánleg en hafa ótvírætt gildi fyrir safnkostinn. Stefnan er að grisja Nærsafnið, sem er geymsla á aðalsafni vel árið 2023.

## Gögn sem eru afskráð og hent

- Illa farin, rifin eða tætt gögn.
- Sóðaleg og skítug gögn.
- Illalyktandi gögn.

## Gögn sem eru seld

- Gögn með litla eftirspurn.
- Gögn sem eru grisjuð þegar fækka á eintökum af ákveðnum titlum í hillu.

## Grisjun safnkosts

### Bækur á íslensku

- Skáldsögur, ævisögur og ævibætti þarf að skoða með tilliti til útlána. Þegar bækur í þessum flokkum lánast lítið út má fækka eintökum af hverjum titli í hillu. Ef ein bók er eftir og lánast ekki lengur út þarf að skoða hvort ástæða þyki til að setja hana í geymslu, annars afskrá og setja í sölu eða henda.
- Fræðirit sem ekki hafa lánast út (viðmið 5 ár) má grisja, afskrá og henda eða setja í sölu nema ástæða þyki að setja í geymslu.

### Barna- og ungmennabækur

- Árstíðabundið er hversu mikið efni eða lítið er í hillum í barna- og unglíngadeild á hverjum tíma og er einnig mikilvægt að hafa í huga að þessar deildir þjónusta einnig leik- og grunnskóla Kópavogs. Er nemendum mjög oft bent á að nálgast efni á Bókasafni Kópavogs þar sem mismikið fjármagn er sett í kaup á bókakosti í skólum- og á

Það sérstaklega við um skólabókasöfn grunnskólanna. Það þýðir að stundum fara mjög margar bækur út á örskömmum tíma (lestrarátök og fleira).

- Mikilvægt er því að hafa samráð við deildarstjóra barna- og unglíngastarfs við grísjun í barna- og unglíngadeildum. Mikil sérfræðikunnátta liggur í starfinu sem gerir að erfitt er fyrir almennan starfsmann að leggja mat á hvaða efni má afskrifa eða setja í geymslu.

## Bækur á erlendum tungumálum

- Skáldsögur sem hafa ekki lánast út í ákveðinn tíma (viðmið 5 ár) má grísjá og afskrá.
- Fræðirit sem ekki hafa lánast út (viðmið 5 ár) má afskrá og henda eða setja í sölu.

## Hljóðbækur

- Grísjá og afskrá þær sem eru skemmdar og/eða illar farnar.
- Þar sem útgáfa er nánast engin á hljóðbókum á Íslandi þá verður safnkosturinn endurskoðaður árið 2023.

## Mynddiskar

- Grísjá og afskrá þá sem ekki hafa lánast út í tvö ár og þá sem eru skemmdir og/eða illa farnir.
- Þar sem útgáfa er nánast engin á mynddiskum á Íslandi þá verður safnkosturinn endurskoðaður árið 2023.

## Tímarit

- Tímarit eru geymd á meðan hillupláss leyfir. Grísjáð er eftir þörfum oft í tengslum við bókamarkaði safnsins.
- Skemmd og/eða illa farin eintök afskráð. Afskráð eintök eru ýmist seld eða þeim hent.
- Fagtímarit eru geymd á meðan hillupláss leyfir.
- Árbækur og ársrit eru geymd fimm ár aftur í tímann.

## GJAFIR

Bókasafnið tekur við gjöfum frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum allt árið um kring, nema starfsmenn hafi fengið tilkynningu um annað. Safnið áskilur sér þann rétt að grísjá úr gjöfum og taka eingöngu inn í safnið samkvæmt aðfangastefnu þess.

Eingöngu er tekið við heilum og velútlítandi bókum. Þær gjafir sem ekki eru teknar inn í safnið eru seldar á bókamarkaði eða þeim hent.

Bókasafnið áskilur sér einnig þann rétt að ákveða staðsetningu, útlán og grísjun á þeim bókaöjöfum sem teknar eru inn í safnið.

